

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð ljósmæðra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. desember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð ljósmæðra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður ljósmæðra“ og er stofnaður af Ljósmæðrafélagi Íslands og Ljósmæðrafélagi Reykjavíkur.

Stofnfé sjóðsins frá Ljósmæðrafélagi Íslands er að upphæð kr. 1 950.00, er gefið var til minningar um frú Ingibjörgu Jónsdóttur, ljósmóður, frá Mörtungu, er lézt í júlí 1966. Enn fremur gjafir, sem borizt hafa síðan, til minningar um látnar ljósmæður o. fl. að upphæð kr. 17 298.91, eða samtals kr. 19 248.91.

2. gr.

Ljósmæðrafélag Reykjavíkur leggur fram sjóð sinn, sem stofnaður var 15. janúar 1950, undir nafninu „Liknar og menningarsjóður Ljósmæðrafélags Reykjavíkur“, nú að upphæð kr. 17 161.52. Enn fremur kr. 8 912.78, sem þeim hefur borizt sem minningargjafir.

Stofnfé frá Ljósmæðrafélagi Reykjavíkur er þannig samtals kr. 26 074.30. Eign sjóðsins við stofnun er því samtals kr. 45 323.21.

3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku gjöfum og áheitungum, og minningarsjöld eru gefin út til ágóða fyrir sjóðinn.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja ljósmæður til framhaldsnáms og einnig má veita fé til hverra þeirra líknarmála, sem ljósmæðrastéttin hefur hug á að styðja.

5. gr.

Frankvæmdir á ofangreindu miðist við, að sjóðurinn nemi aldrei minni upphæð en kr. 25 000.00.

6. gr.

Skal stjórn sjóðsins heimil ráðstöfun vaxta og tekna sjóðsins eftir því sem þörf krefur, en þó aldrei skerða fyrrgreinda upphæð kr. 25 000.00.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa tveir fulltrúar frá Ljósmæðrafélagi Íslands og einn frá Ljósmæðrafélagi Reykjavíkur.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðarbók fyrir sjóðinn, sem lögð er fram á aðalfundi beggja félaganna.

9. gr.

Umsóknir um framlög úr sjóðnum, skulu sendast stjórn sjóðsins.

10. gr.

Ef annað hvort félagið hættir störfum, skal hitt félagið tilnefna alla þrjá stjórnendur sjóðsins.

11. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ofangreindra félaga, ásamt einum löggiltum endurskoðanda.

12. gr.

Ef tímabært þykir að breyta skipulagsskrá þessari, skal leita samþykkis á aðalfundi beggja félaganna.

13. gr.

Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá nr. 56 frá 1950 fyrir Líknar- og menningarsjóð Ljósmeðrafélags Reykjavíkur.

Reykjavík, 16. ágúst 1968.

F. h. Ljósmeðrafélags Íslands og Ljósmeðrafélags Reykjavíkur.

Steinunn Finnbogadóttir.

Helga Marin Níelsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðbjarts Krisjánssonar, hreppstjóra, Hjarðarfelli, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. desember 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðbjarts Kristjánssonar, hreppstjóra, Hjarðarfelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðbjarts Kristjánssonar. Hann var fæddur 18. nóv. 1878, dáinn 9. sept. 1950.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af konu, börnum og ýmsum fleirum. Stofnfjárhæð hans er kr. 10 110.00 — tíu þúsund eitthundrað og tíu krónur —, sem ávaxtast í Búnaðarbanka Íslands.

Auka má sjóðinn með viðbótartillögum og minningargjöfum.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25 000.00, má verja $\frac{1}{2}$ ársvöxtum samkvæmt fyrir-mælum 4. gr. En hinn helmingur ársvaxtanna leggst áfram við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 50 000.00, þá má verja $\frac{3}{4}$ ársvaxta í sama tilgangi, en $\frac{1}{4}$ ársvaxta leggist ávallt við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 250 000.00. Úr því má verja öllum ársvöxtunum samkv. ákvæðum 4. gr., en höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja eða verðlauna þá einstaklinga er skara fram úr við ræktun trjá-lunda við heimili sín eða sýna sérstaka snyrtimennsku í umgengni.
2. Að styrkja félagsleg átök í ræktun jarðar og búfjár.